

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík, 17.12.2024  
UST202401-277/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíks í eftirliti**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27.12.2023, þar sem fram kom að frávíki hefði verið skráð í eftirliti á aflögðum urðunarstað Árborgar við Lækjamót, þann 11.10.2023. Þann 16.10.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikið er eftirfarandi:**

1. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tryggja að frágangur urðunarstaðarins sé viðunandi í samræmi við lokunaráætlun, þannig að allur úrgangur sé hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, sem er a.m.k. 1 m að þykkt. Við eftirlit kom í ljós að talsvert af úrgangsefnum voru á yfirborði í yfirborðslagi.  
**Rekstraraðili sendi stofnuninni tillögu að framkvæmd lokafrágangs á staðnum. Samkvæmt rekstraraðila verður í framhaldi af því gengið frá samningi við landeiganda vegna framkvæmdanna og samið við verktaka um að vinna verkið.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávíki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur